



Sveitarstjórn Rangárbings ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 HELLA

Reykjavík, 08.07.2015
Tilvísun vor: 2013-593

Eins og sveitarstjórnnum er kunnugt um hefur Landsvirkjun unnið að undirbúningi virkjana í neðanverðri Þjórsá í um 15 ár. Mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar var unnið á árunum 2001-2003 og féllst Skipulagsstofnun á mat á umhverfisáhrifum þessara virkjana í ágúst 2003 með fáeinum skilyrðum. Umhverfisráðherra samþykkti einnig mat á umhverfisáhrifum fyrir ofangreindar virkjanir með tilteknum skilyrðum.

Alþingi samþykkti þingsályktun þann 1. júlí 2015 þess efnis að flokka Hvammsvirkjun í nýtingarflokk. Á grundvelli þess hefur Landsvirkjun hafið undirbúning að því að sækja um nauðsynleg leyfi fyrir virkjuninni. Um er að ræða virkjunarleyfi frá Orkustofnun og framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarstjórnnum, Rangárbingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.


Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er kveðið á um að „*ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt*“. Þar sem að meira en 10 ár liðin frá því að Skipulagsstofnun féllst á framkvæmdina þarf stofnunin, í samræmi við 12. gr. laga nr. 106/2000, að ákvarða hvort endurskoða þurfi matsskýrslu.

Um síðustu áramót fól Landsvirkjun óháðum aðila, Eflu verkfræðistofu, að rýna niðurstöðu skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar.

Í ofangreindri 12. grein laga nr. 106/2000 segir að Skipulagsstofnun geti: „*ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitnið lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina*“.

Í skýrslu Eflu, **Hvammsvirkjun 93 MW, Rýni á mati á umhverfisáhrifum**, er í upphafi fjallað almennt um fyrirliggjandi matsskýrslu og þær breytingar sem gerðar hafa verið á hönnun virkjunarinnar frá því að matsskýrsla kom út. Meginhluti skýrslunnar fjallar þó um einstaka umhverfisþætti og hvort forsendur mats á þeim hafi breyst verulega í samræmi við ákvæði 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða þessarar rýni eða úttektar er að ekki eru um að ræða verulegar breytingar á forsendum, þ.e. grunnástandi eða lagaramma sem hafa í för með sér að endurtaka þurfi mat á umhverfisáhrifum fyrir Hvammsvirkjun, sbr. 12. gr. laga nr. 106/2000 um mat á



umhverfisáhrifum. Forsendur hafa m.ö.o. hvorki breyst verulega vegna breytinga á náttúru-
fari eða landnotkun, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum
skuldbindingum, né vegna tækniþróunar varðandi virkjunina.

Sjá meðfylgjandi skýrslu Eflu verkfræðistofu, **Hvammsvirkjun 93 MW. Rýni á mati á
umhverfisáhrifum.**

Landsvirkjun hefur í hyggju að sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarfélaganna fyrir
Hvammsvirkjun eins fljótt og kostur er. Í samræmi við ofangreint ákvæði 12. gr. laga nr.
106/2000 þurfa sveitarfélögin, annað þeirra eða bæði, að óska ákvörðunar Skipulags-
stofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila
áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

Því vill Landsvirkjun með bréfi þessu fara þess vinsamlegast á leit við sveitastjórnir
Rangárþings ytra og Skeiða og Gnúpverjahrepps að þau sendi Skipulagsstofnun erindi þess
efnis að stofnunin taki ákvörðun um það hvort endurskoða þurfi að hluta eða heild
skýrsluna um mat á umhverfisáhrifum fyrir Hvammsvirkjun á grundvelli ofangreinds
lagaákvæðis 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og sendi stofnuninni jafnframt eintak
af meðfylgjandi skýrslu Eflu verkfræðistofu.

Að lokum er rétt að fram komi að Landsvirkjun hlakkar til komandi samstarfs og samráðs
við sveitarfélögin um þessa framkvæmd og hún megi efla atvinnustarfsemi í héraðinu og
verða íbúum til farsældar.

Virðingarfyllt

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri

Fylgiskjal:

Hvammsvirkjun, 93 MW. Rýni á mati á umhverfisáhrifum, 2. júlí 2015